

Tillaga til þingsályktunar

um skipan nefndar sem móti stefnu á sviði þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki.

Flm.: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Drífa Hjartardóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, Magnús Þór Hafsteinnsson, Guðrún Ögmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd fimm sérfræðinga sem móti stefnu Íslands í þróunarsamvinnu við fátæk ríki. Eftirtaldir aðilar tilnefni einn fulltrúa hver til setu í nefndinni: mannfræðiskor Háskóla Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Þróunarsamvinnustofnun Íslands og utanríkisráðuneytið en fulltrúi þess gegni jafnframt formennsku. Nefndin ráði sér starfsmann og utanríkisráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöður hennar innan árs frá samþykkt tillögu þessarar.

Nefndin hafi fimm atriði að leiðarljósi við störf sín, stefnumótun og forgangsröðun verkefna á sviði þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki:

1. Nauðsyn þess að efla menntun, mannréttindi og frelsi kvenna og stúlkubarna um allan heim.
2. Nauðsyn þess að styðja við uppbyggingu almennrar heilsugæslu í fátækum löndum og aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir algenga sjúkdóma, svo sem alnæmi, berkla og malaríu.
3. Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um þróun sem samþykkt voru árið 2000.
4. Hvernig megi efla samvinnu við frjáls félagasamtök með reglulegum framlögum samkvæmt rammasamningum.
5. Þörf þess að endurskoða lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands í ljósi niðurstaðna nefndarinnar, tillögur verði gerðar þar um.

Nefndin taki í störfum sínum mið af því sem best gerist í svipaðri stefnumótun í nágrenna löndum, t.d. á vegum annarra norrænna þróunarsamvinnustofnana. Einnig hafi hún til hliðsjónar niðurstöður álitserðarinnar Ísland og þróunarlöndin sem kom út 1. september 2003.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fyrst flutt á 131. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt. Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að skipa nefnd fimm sérfræðinga sem móti stefnu Íslands í þróunarsamvinnu við fátæk ríki.

Til þess að þróunarsamvinna við fátæk ríki skili mælanlegum og góðum árangri þurfa markmið að vera skýr og verkefni vel skilgreind. Til grundvallar þarf að liggja mótuð stefna stjórnvalda til langs tíma sem er í samræmi við samþykkt alþjóðleg markmið. Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSI) starfar samkvæmt lögum nr. 43 frá árinu 1981. Hingað til hefur ÞSSI, lögum samkvæmt, einungis getað tekið þátt í tvíhliða verkefnum á sviði þróunarsamvinnu. Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að huga þurfi betur að kostum þess að íslenska ríkið leggi meira af mörkum á sviði fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu og þá einnig með hvaða hætti slík samvinna ætti að fara fram. Þeir telja einnig brýnt að koma á samvinnu við frjáls félagasamtök og nýta þekkinguna sem í þeim býr. Þátttaka í fjölþjóðlegum verkefnum ellegar

beinar fjárveitingar til ákveðinna verkefna á vegum viðurkenndra alþjóðlegra stofnana og félagasamtaka koma einnig til greina.

Hinn 28. maí 1985 ályktaði Alþingi um þróunaraðstoð Íslands. Þá var samþykkt að á næstu sjö árum skyldi með reglubundinni aukningu framlaga náð því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum yrðu 0,7% af þjóðarframleiðslu. Sem kunnugt er hefur þetta markmið ekki náðst. Árið 1996 (á 121. löggjafarþingi) fluttu þingmennirnir Steingrímur J. Sigfússon og Margrét Frímansdóttir tillögu til þingsályktunar um aukið framlag til þróunarsamvinnu en hún var aldrei afgreidd frá utanríkismálanefnd Alþingis.

Fjárframlög til þróunarmála hafa þokast í rétta átt en samt eiga Íslendingar mjög langt í land með að ná viðmiði Sameinuðu þjóðanna um að framlög til þróunarmála verði 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu. Árið 2001 voru framlög íslenska ríkisins til þróunarmála 0,12% af vergri þjóðarframleiðslu en árið 2004 náðu þau 0,19%. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 fer hlutfallið upp í 0,21% og samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 fer hlutfallið upp í 0,239%. Í munnlegri skýrslu til Alþingis í nóvember 2004 lýsti utanríkisráðherra því yfir að ríkisstjórnin hefði sett sér það markmið að stighækka framlögin til þróunarsamvinnu þannig að árið 2009 næðu þau 0,35% af vergri þjóðarframleiðslu.

Eðli þróunarsamvinnu krefst þess að markmið séu sett til langs tíma, t.d. til 5–10 ára, en endurskoðuð með jöfnu millibili. Í ljósi markmiðs ríkisstjórnarinnar þykir flutningsmönnum skynsamlegt að stefna að því að framlög til þróunarsamvinnu nái viðmiði Sameinuðu þjóðanna um 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu á einum áratug, eða á árabílinu 2005–2015.

Forsenda þess að árangur náist er að heimamenn séu hafðir með í ráðum og að þarfir þeirra stýri för. Samstarfsverkefni sem byggjast einvörðungu á hagsmunum gefandans reynast oft gagnslítill eins og dæmin sanna. Þróunarsamvinnuverkefni sem skila raunverulegum árangri einkennast af mikilli undirbúningsvinnu og nánu samstarfi við fólkið sem tekur þátt í þeim. Það ber vott um fagleg og góð vinnubrögð að kanna fyrst hvar þörfin er mest í einhverju tilteknu landi áður en menn bjóða fram aðstoð sína. Stundum getur líka þurft að ljúka verkefnum sem aðrir hófu eða ganga inn í samvinnu sem þegar er fyrir hendi. Matið á því hvað best sé að gera hlýtur alltaf að byggjast á hagsmunum heimamanna. Val samvinnuverkefna verður því að byggjast á skýrri stefnu og raunsæjum langtímamarkmiðum. Gæta þarf jafnvægis á milli tvíhliða og fjölhliða aðstoðar og þeirra fjármuna sem varið er í gegnum frjáls félagasamtök. Einnig þarf að gera skýran greinarmun á þróunarverkefnum og neyðaraðstoð.

Og verkefnin eru að sönnu næg. Menntun stúlkubarna og kvenna í þriðja heiminum er að áliti flutningsmanna algjört forgangsmál, einnig uppbygging heilsugæslu og forvarnafræðsla á þeim svæðum þar sem alnæmisfaraldurinn geisar. Þá má finna fjölmörg brýn verkefni á öðrum sviðum, t.d. á sviði umhverfis- og orkumála eða við uppbyggingu stjórnsýslu.

Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna samþykktu svokölluð þúsaldarmarkmið árið 2000, markmið sem eiga að nást árið 2015 (sjá fylgiskjal I). Þetta eru skýr, tölusett markmið sem öll ríki verða að taka mið af í utanríkisstefnu sinni og þróunarverkefnum. Og verkefnin eru nærtæk. Efst á blaði er baráttan gegn fátækt, gegn barna- og mæðradauða. Grunnmenntun öllum til handa og jafn réttur karla og kvenna eru einnig grundvallaratriði í markmiðunum. Það er vel við hæfi að íslensk stjórnvöld setji sér markmið á sviði þróunarsamvinnu sem eru hluti af þúsaldarverkefnum Sameinuðu þjóðanna. Aðeins þannig má ætla að raunhæfur árangur náist í þróunarsamvinnu á milli ríkra og snauðra landa.

Fylgiskjal I.

Þúsaldarmarkmið um þróun.

1. Eyða fátækt og hungri.

- Lækka hlutfall þess fólks sem býr við örbirgð um helming á tímabilinu 1990 til 2015. Lækka hlutfall þeirra sem búa við hungursneyð um helming á sama tímabili.

2. Öll börn njóti grunnskólamenntunar árið 2015.

- Tryggja að bæði stúlkur og drengir ljúki grunnskólanámi.

3. Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna.

- Eyða kynjamisrétti til skólagöngu í grunn- og framhaldsskólum fyrir árið 2005 og á öllum skólastigum fyrir 2015.

4. Lækka dánartíðni barna.

- Lækka tíðni ungbarnadauða um tvo þriðju á tímabilinu 1990 til 2015.

5. Vinna að bættu heilsufari kvenna.

- Lækka dánartíðni vegna barnsburðar (maternal mortality) um þriðja fjórðu á tímabilinu 1990 til 2015.

6. Berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyninu.

- Snúa við útbreiðslu eyðni, malaríu og annarra sjúkdóma fyrir árið 2015.

7. Vinna að sjálfbærri þróun.

- Framkvæma ríkjaáætlanir um sjálfbæra þróun fyrir árið 2005 og snúa þannig við neikvæðri þróun umhverfisáhrifa fyrir árið 2015.
- Lækka um helming hlutfall þeirra sem ekki hafa aðgang að hreinu drykkjarvatni á tímabilinu 1990 til 2015.
- Stuðla að bættum lífsskilyrðum a.m.k. 100 milljón íbúa í fátækrahverfum stórborga.

8. Styrkja hnattræna samvinnu um þróun.

- Vinna frekar að opnu og sanngjörnu viðskipta- og fjármálakerfi sem byggist á skýrum reglum.
- Taka á málefnum fátækustu þróunarlandanna, m.a. með því að leggja af innflutningsgjöld og kvóta á útflutningsvörur þeirra og leysa skuldabyrði landanna með lækkun skulda og með auknum framlögum til opinberrar þróunaraðstoðar.
- Taka tillit til sérstöðu landluktra landa og smárra eybjóða.
- Vinna með lyfjaiðnaðinum að því að veita fátækum þjóðum aðgang að mikilvægum lyfjum.
- Vinna að því ásamt einkageiranum að veita þróunarlöndum aðgang að nýjustu upplýsinga- og samskiptatækni.

Fylgiskjal II.

Hermann Örn Ingólfsson
og Jónas H. Haralz:

Úr skýrslunni „Ísland og þróunarlöndin – Álitsgerð um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana“ (28. júlí 2003).

Viðauki 3: Framlög Íslands til þróunarmála 1999 til 2003.

Upphæðir í milljónum króna	1999	2000	2001	2002	2003
Styrkir og framlög samtals	582.9	798.3	1,099.9	1,197.4	1,307.1
Beinir styrkir	462.1	667.1	975.4	1,056.9	1,106.6
PSSÍ	228.4	298.6	479.7	468.5	468.0
Sendiráð í Mósambík			16.5	20.5	26.4
Utannikisráðuneyti - starfsmenn þróunarmála	7.0	7.0	14.0	21.0	21.0
Jarðhitaskóli Háskóla Sp.	44.0	50.3	51.8	63.0	67.4
Sjávarútvegsskóli Háskóla Sp.	23.2	30.4	36.1	48.9	54.6
Sameinuðu þjóðirnar:	54.7	39.0	66.1	61.7	42.5
þar af til:					
FAO	7.0	7.3	10.1	10.4	9.3
UNDP	18.3	18.3	21.8	22.4	20.0
UNICEF	9.5	9.5	9.5	11.6	10.4
UNIFEM	2.5	2.5	2.5	3.1	2.8
UNWRA	0.5	0.6	3.1	2.9	
OCHA	0.7		3.1		
UNFPA	0.6		1.0	0.8	
UNHCR	10.5		11.0	6.0	
WFP	0.4	0.4	3.6	4.0	
UNVFT	0.5	0.4	0.4	0.5	
UNDAC	3.8				
UNDCP	0.4				
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn	19.8	22.1	26.2	27.2	
Alþjóðabankinn - íslenski ráðgjafarsjóðurinn			13.6	15.0	11.9
Alþjóðabankinn - kjördæmisstjórn					25.0
Aðstoð til Bosnía	31.7	16.3	1.7		
Enduruppbygging í þr.löndum (borgaral. friðargæsla)		110.3	166.9	177.8	284.0
Flóttamannaástoð	39.0	17.0	15.0		40.3
Átak til niðurfellinga skulda í þróunarríkjum (HIPC)		68.0	68.5	67.0	47.0
Framlög til félagasamtaka:	13.4	4.9	19.2	7.2	
þar af til:					
ABC-hjálparstarf		0.9			
Alþjóða Rauði krossinn	8.0	4.0	4.2	4.7	
Barnaheill	0.2				
Rauði kross Íslands	5.2		10.5	0.5	
Hjálparstarf kirkjunnar			4.5	2.0	
Ýmis framlög og neyðarástoð	0.9	3.2	0.1	79.1	18.5
Stofnfjárframlög	120.8	131.2	124.5	140.5	200.5
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	79.7	95.3	95.0	100.0	160.0
Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	40.7	35.4	29.0	40.0	40.0
Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD)	0.4	0.5	0.5	0.5	0.5
Hlutfall af landsframlögsu	0.09	0.12	0.15	0.15	0.16

Viðauki 4: Hugmynd um framlag til þróunarmála árið 2006.

Upphæðir í milljónum króna	2006	2003
Styrkir og framlög samtals	2,658.0	1,307.1
Beinir styrkir	2,338.0	1,106.6
PSSÍ	1,000.0	468.0
Sendiráð í Mósambík	30.0	26.4
Utanríkisráðuneyti - starfsmenn þróunarmála	35.0	21.0
Jarðhitaskóli Háskóla Sp.	90.0	67.4
Sjávarútvegsskóli Háskóla Sp.	85.0	54.6
Landgræðsluskóli Háskóla Sp.	25.0	
Sameinuðu þjóðirnar:	195.0	42.5
þar af til:		
FAO	25.0	9.3
UNDP	60.0	20.0
UNICEF		10.4
UNIFEM	10.0	2.8
UNHCR	20.0	
WFP	35.0	
Annað	30.0	
Fastanefnd í Róm	15.0	
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn		
Alþjóðabankinn - íslenski ráðgjafarsjóðurinn	30.0	11.9
Alþjóðabankinn - kjördæmisstjórn	25.0	25.0
Enduruppbygging í þr. löndum (borgaral. friðargæsla)	600.0	284.0
DAC	3.0	
Lán á starfsmönnum og unglíðastörf	60.0	
Flóttamannaástoð	60.0	40.3
Átak til niðurfellinga skulda í þróunarríkjum (HIPC)	50.0	47.0
Framlög til félagasamtaka og neyðarástoð	50.0	18.5
Stofnfjárframlög	320.0	200.5
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	230.0	160.0
Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	50.0	40.0
Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD)	15.0	0.5
Hnatræni umhverfissjóðurinn (GEF)	25.0	
Hlutfall af landsframleiðslu	0.298	0.160
	2006	2003
Landsframleiðsla (milj. króna)	892,000	816,600
% af landsframleiðslu		
Tvívíðla ástoð PSSÍ	0.112	0.057
Friðargæsla	0.067	0.035
Marghlíða ástoð án friðargæslu	0.119	0.068
Alls	0.298	0.160
% af þróunarástoð		
Tvívíðla ástoð PSSÍ	37.6	35.8
Marghlíða ástoð alls	62.4	64.2
Alls	100.0	100.0
Tvívíðla ástoð PSSÍ	37.6	35.8
Marghlíða ástoð án friðargæslu	39.8	42.5
Friðargæsla	22.6	21.7
Alls	100.0	100.0